




AÐALSKIPULAG BLÁSKÓGABYGGÐAR 2015-2027

Frístundasvæði á Bergstöðum

Skipulagslýsing og matslýsing

09.11.2021



EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	3
1.1	Skipulags og matslýsing	3
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	3
3	TENGL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	4
3.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	4
3.2	Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027	4
3.3	Deiliskipulag	5
3.4	Minjar	5
4	AÐALSKIPULAGSBREYTING	5
5	UMHVERFISMAT	6
6	SKIPULAGSFERLI	6
6.1	Umsagnaraðilar	7
6.2	Auglýsing og staðfesting skipulags	7

UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

3502-014-24-ASK-001-V02

HÖFUNDUR

Anna Bragadóttir

RÝNT

Ásgeir Jónsson

1 INNGANGUR

Sett er fram skipulags- og matslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 – 2027. Fyrirhugað er að frístundabyggðin F84 taki breytingum og stækki til norðurs á landi Bergsstaða (L167202) en minnki til suðurs á landi Bergsstaða (L167201). Landbúnaðarsvæði tekur breytingum samhliða.

1.1 Skipulags og matslýsing

Skipulags- og matslýsingin er sett fram í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og unnin í samræmi við grein 4.2. í Skipulagsreglugerð nr. 90/2013, með síðari breytingum.

Með skipulags- og matslýsingu er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Bergsstaðir liggja milli Tungufljóts og Hvítár og er aðkoma frá Einholtsvegi (nr. 358).

Landslag einkennist af klapparásum með hálf deigu mólendi og mýrum neðan þeirra. Eftir að sauðfjárbeit var létt á öllu landinu þá hefur víðir og birkikjarr breiðst hratt út. Landið hefur verið og verður áfram nýtt til hrossabeitar.

Vistgerðir á svæðinu eru grasengjavist L9.5, língresins- og vingulsvist L9.6 og starungsmýrarvist L8.9 með hátt eða mjög hátt verndargildi og á lista Bernarsamningsins frá 2014 en eru allútbreidd eða útbreidd um Ísland.

Engar þekktar náttúruvinjar sem njóta verndar eru á svæðinu. Bergsstaðir eru innan mikilvægs fuglasvæðis sem nær yfir allt suðurlandsundirlendið.

3 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

3.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026


„Skipulagsákvörðunir um staðsetningu og hönnun nýrra mannvirkja í dreifbýli taki mið af byggingarhefðum, landslagi og staðháttum. Um leið verði gætt að hagkvæmni varðandi samgöngur og veitur og að byggð gangi ekki að óþörfu á svæði sem eru verðmæt til landbúnaðar eða vegna náttúruverndar. Við skipulag frístundabyggðar verði almennt miðað að afmörkuðum en samfelldum frístundabyggðarsvæðum sem gefi notendum þeirra kost á góðum tækifærum til útiveru um leið og gætt er að því að frístundabyggðin skerði ekki mikilvæg eða viðkvæm svæði með tilliti til landbúnaðar eða náttúruverndar. Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðaflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum.“

Breyting á aðalskipulagi samræmist Landsskipulagsstefnu þar sem frístundabyggðin verður áfram samfelld og veitur og aðrir innviðir nýtast áfram breyttu svæði. Landbúnaðarland hefur ekki verið flokkað í sveitarfélaginu og þó svo vistgerðir á svæðinu eru með hátt verndargildi eru útbreiðsla þeirra mikil og ekki er verið að raska stóru svæði með þessari breytingu.

3.2 Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027

Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027 tók gildi í maí 2018. Frístundabyggðin F84 sem breytingum tekur er að nokkru leiti þegar byggð.

Markmið sveitarfélagsins er varðar frístundabyggð er að ný hverfi verði að jafnaði í tengslum við núverandi frístundabyggð og sameiginlega veitur verði þar sem þéttleiki byggðar og náttúrufarslegar aðstæður leyfa. Frístundabyggð verði að jafnaði ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna náttúrufars, auðlinda, náttúruvár, sögu eða almenns útivistargildis. Þau verði heldur ekki á góðu ræktunarlandi.



MYND 1. Hluti af Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Breytingarnar eru innan rauðu hringjanna.

TAFLA 1 Hluti töflu í kafla 2.3.2 Frístundabyggð

NR.	HEITI SVÆÐIS	LÝSING	JÖRD
F84	Bergsstaðir	Deiliskipulag fyrir 14 lóðir á hluta svæðisins. 13 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 70 ha.	Bergsstaðir

Góð landbúnaðarsvæði skulu áfram vera nýtt til landbúnaðar og að stuðlað verði að verndun umhverfis og lífríkis fallvatna til að efla fiskgengd og veiðimöguleika.

Breyting á frístundasvæðinu er í samræmi við stefnu og markmið sveitarfélagsins þar sem einungis er um að ræða minniháttar stækkun frístundasvæðisins og breytingu á lögun þess. Ekki er verið að raska samfelldu landbúnaðarlandi og með fullnægjandi frágangi frárennslis skal tryggja að mengun berist ekki í nálægar ár.

3.3 Deiliskipulag

Innan frístundabyggðarinnar eru nokkur deiliskipulög. Breyting aðalskipulagsins krefst ekki breytinga á deiliskipulögum. Ráðgert er að gera deiliskipulag fyrir nýtt svæði frístundabyggðarinnar.


3.4 Minjar

Aðalskráningu fornminja er lokið í þéttbýlunum þremur í Bláskógabyggð en ólokið í dreifbýlinu. Engar þekktar fornminjar eru á svæðinu.

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

4 AÐALSKIPULAGSBREYTING

Í breyttu aðalskipulagi verður frístundabyggðin F84 stækkuð á því svæði sem er sýnd er á mynd 2. Á sunnanverðu svæðinu minnkar frístundabyggðin. Þar mun svæðið breytast í landbúnaðarsvæði. Í greinargerð mun lýsing svæðis og skilmálar taka breytingum í samræmi við nýja stærð svæðisins og



MYND 2 Fyrirhuguð breyting á afmörkun frístundabyggðarinnar hringjanna. Stækkun rautt en minnkun innan þess bláa.

5 UMHVERFISMAT

Líkleg áhrif af stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar eru metin skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Markmið laganna er sjálfbær þróun, heilnæmt umhverfi og umhverfisvernd sem vinna skal að með umhverfismati framkvæmda og áætlana sem eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Mati á líklegum umhverfisáhrifum er ætlað að:

- Nýtast við ákvarðanatöku í skipulagsvinnunni.
- Upplýsa um möguleg umhverfisáhrif stefnunnar.
- Undirbyggja og rökstyðja ákvarðanatöku í skipulagsgerð.
- Aðstoða við val á milli skipulagskosta með samanburði á umhverfisáhrifum þeirra.

Í skipulagsgerðinni er umhverfismat áætlana jafnframt mikilvægt til að tryggja samræmi á milli stefnumiða í mismunandi málaflokkum skipulagsins og tryggja að umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins sé haldið á lofti. Niðurstaða umhverfismatsins nýtist til að bregðast við hugsanlega neikvæðum umhverfisáhrifum með breytingu á stefnu eða mótun á mótvægisáðgerðum. Umhverfismatið byggir á fyrirbyggjandi upplýsingum um grunnástand umhverfis.

Helstu áhrif breytingarinnar eru á ásýnd og landslag og gróður og dýralíf. Stækkun frístundabyggðarinnar til norðurs og uppbygging á því svæði breytir ásýndinni þar sem nú er það óraskað land. Í austri, suðri og vestri er land sem mótað er af mönnum m.a. tún, skógrækt, framræsluskurðir og byggingar. Því er metið að uppbygging á þessu svæði hafi óveruleg áhrif á ásýnd og landslag. Svæðið er á mikilvægu fuglasvæði sem skilgreint er yfir allt suðurland. Á svæðinu eru mófuglar sem hafa önnur stór búsvæði allt um kring. Á svæðinu eru vistgerðir með hátt verndargildi en eru þær vistgerðir algengar um land allt og er því metið að áhrif á gróður og dýralíf séu óveruleg.

6 SKIPULAGSFERLI

Með kynningu skipulags- og matslýsingar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við mótun breytingarinnar.

Skipulags- og matslýsingin verður kynnt með auglýsingu í blöðum/dreifiritum og á vefsíðu sveitarfélagsins auk þess sem hún verður auglýst á heimasíðu skipulagsfulltrúa, <http://www.utu.is/> og á skrifstofu embættisins að Dalbraut 12 á Laugarvatni. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast á skrifstofu skipulagsfulltrúa á netfangið vigfus@utu.is, fyrir auglýstan tímafrest.

6.1 Umsagnaraðilar

Óskað verður eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Minjastofnun Íslands

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þ.á.m. innan stjórnsýslu sveitarfélagsins.

6.2 Auglýsing og staðfesting skipulags

Skipulags- og matslýsing verður auglýst snemma vetrar 2021. Reiknað er með að aðalskipulagsbreytingin verði auglýst kringum áramót 2021/2022 og taki gildi seinni hluta vetrar 2022.